

STF-2017-03 Handverkssmiðja

Handverkssmiðjan er hugsuð sem félagsmiðstöð og fræðslumiðstöð.

a. Smiðja þar sem handverksfólk í hreppnum getur hist, miðlað af reynslu sinni og lært nýja hluti. Með þessu væri fólk virkjað. Reynsla og þekking myndi varðveitast og vera miðlað áfram. Markmiðið er því að viðhalda og kenna verkþekkingu þannig að hún glatist ekki og auka áhuga fólks á handverki bæði ullar-, skinna- og vefnaðarvinnslu.

b. Einnig verða námskeið haldin og kennarar fengnir til að kenna sitt handverk og sína list. Kennt verður á tækin sem komin eru í smiðjuna, saumavélarnar, vefstólinn og prjónavélina.

Handverkssmiðjan er hugsuð sem starfsaðstaða þar sem fólk getur komið og leigt aðstöðuna og unnið sína vinnu og notað tækin til atvinnusköpunar. Markaður er til staðar í hreppnum bæði af fólki sem hefur áhuga á handverki og ferðamönnum sem gætu séð hvernig hlutirnir verða til og keypt það sem er framleitt á staðnum. Hægt væri að hafa opið sölutjald í tengslum við smiðjuna þar sem fólk gæti selt vinnu sína.

Verkefninu var úthlutað kr. 700.000.- árið 2017.